

Pælingar 2019.



Bítlarnir komu inn í líf mitt 1964. Þá heyrði ég fyrsta skipti í þeim. 2019 fylgja þeir mér enn. Lengi vel þekkti ég þessa sögu ekki meira en gekk og gerðist með fólk sem á annað borð fylgdi þeim og koma af fjöllum er ég fyrst heyri um það, líklega 1995,- að Bítlarnir hefðu lent í svakalegum vandræðum á Filippseyjum á tónleikaferð sinni þangað vegna þess að kona Markós forseta bauð þeim í mat sem þeir mættu ekki í en afþökkuðu þó en svar þeirra komst fyrir misskilning ekki rétta boðleið. Fór þá margt í gang í höllinni sem gerði fjórmenningunum lífið leitt og þeir heppnir að sleppa frá heilir. Sem er sannleikur málsins. Ekki heldur að þetta tiltekna atvik varð til þess að lok var sett á frekari tónleikaferðir hljómsveitarinnar og var líklega fyrsta sjokk heimsbyggðarinnar af Bítlanna völdum. Þau urðu fleiri áður en yfir lauk vegna sjálfsgöðrar ákvörðunar fjórmenninganna. Segir maður í dag en gerði ekki þá

Í febrúar 2014 var liðin hálf öld frá því að The Beatles fóru yfir hafið í vestur og lentu í Bandaríkjunum og komu fram í vinsælasta sjónvarpsþætti þess tíma þar vestra sem hét The Ed Sullivan Show. Áhorfið var slíkt þetta kvöld að vart sést bifreið aka um götur borgarinnar sem þessarar milljóna borgar. Innbrotþjófar velja að hlusta á Bítlanna en brjótast inn og er til staðfesting lögreglunnar á svæðinu um þetta. Slík voru áhrifin. Margir muna eftir þætti Ed Sullivans frá tíma Kanasjónvarpsins á Íslandi. 2014 voru tímamótunum gerð nokkur skil þar vestra í ágætis þætti sem, muni ég rétt, ég horfði á á YouTube síðunni frekar á Ríkissjónvarpinu.

Hvað um það að þá varð þátturinn þess valdandi að ég ákvað að skrifa pistill um akkúrat þetta tiltekna atvik og kafa í blöð og heimildir frá þessum tíma en ekki notast við eftiráskrifuð gögn og freista þess að draga fram tíðaranda sem þá var uppi og allt þetta Bítlalæði komið vel áleiðis. Við þennan eina pistill hugðist ég láta sitja en niðurstaðan 36 langloku pistlar tengdir The Beatles og sama aðferðafræði notuð við þá alla og gilda fyrir fyrstu skrefin. Taldi þetta betra leið til að ná fram stemningu andartaksins.

Á meðan ég var að gramsa í efninu fór smám saman að ljúkast upp fyrir mér stærðin á öllu þessu Bítladæmi sem ég áður hafði ekki komið auga á en laukst þarna blákalt upp fyrir mér og á sinn hátt heillaði. Til að byrja með var meiningin að gera þessu eina efni skil og láta á eftir gott heita en eftir opinberunina um stærðina og allt hitt sem með kom var algerlega útilokað að stoppa þarna.

Margt kom til sem greip huga minn. Á þessum tíma breytist fatatískan, tónarnir urðu öðruvísi, ný hljóðfæri spretta fram, ný tegund tónlistar verður til, plötuútgáfa öll tekur vaxtakipp og nær hæðum sem áður voru óþekktar, tæki til spilunar heima við þróast og koma fram verulega betrubættar og fjöldaframliddar sem öndvert lækka verðin og gerir ungu fólk, og öllum, kleift að eignast eigin tæki. Og ekki má gleyma öllum þessum nýríku ungmennum sem á einni nóttu vissu ekki aura sinna tal. Margt af þessu fólk varð á augabragði heimsþekkt fólk sem er gert breyting frá því að vera einungis þekktur innan sinna eigin raða. Allt álagið sem allt þetta nýríka- og heimsfræga fólk varð að umbera hefur ekki verið gerð mikil skil.

Allskonar lyf komast í umferð og mikið af þeim notað til þess einfaldlega að komast einhverstaðar í skjól. létu Bítlarnir eitt sinn hafa eftir sér að undir áhrifum þessara lyfja náðu engir til þeirra. Kannski óskiljanlegt einhverjum en veruleiki þessara manna sem þöldu stanslaust áreiti.

Talað var um hömlulausa dópneyslu hljómsveita þess tíma en ástæðan kannski meira sú að var leið fólksins til að komast sjálf í skjól. Sumir í hópnum ánetjast þessum lyfjum og einhverjum urðu þau að aldurtíla. Aldrei inn í myndinni en skeði vegna þess að þekkja ekki áhrifin til lengri

tíma en sást er þau fóru að bíta frá sér og fólk að falla af notkuninni. Ekki verið að afsaka neitt heldur benda á staðreyndir. Gott getur verið að vita ástæðu sumra verkafólks.

Allt þetta og meira til opnaði mér aftur leið að Bítlunum. En nú á alveg nýjan hátt og eftir að maður áttaði sig á að Bítlaæðið væri miklu meira en bara þessir fjórir Bresku ungu menn frá Liverpool og grúi öskrandi krakka og unglinga sem misstu stjórn á sér á Bítlatónleikum, safnaði hári og klæddist allskonar skræpóttum fótum sem æpti á fólk í eldri kanti og þeir tímar enn uppi að rakarastofur umvörpun fóru þráðbeint á hausinn vegna skæra rakarans sem fengu enga hreyfingu og lágu óhreyfð í hulstrum sínum. Skæri í notkun er hárskerans lifibrauð.

Bítlaæðið var ekkert annað en bylting sem gerð var þó markmið allt væri óljóst og sýn manna þokukennd og sumpart út í bláinn. En samt ekki meira út í bláinn en gengur og gerist í öðrum byltingum manna. Er stefna sósíalistsans, fasistsans nasistsans, isis- liða og máski hippans einnig, annað en út í bláinn? Ekki er nú allt rétt sem menn flykkjast um og velja að berjast fyrir.

Byltingin í kringum The Beatles var talsvert ólík öðrum sem gerðar hafa verið því 56 árum síðar, 2019, er hún enn fyrir milljónum manna og kvenna fögur minning sem allt þetta fólk segir um að hafi verið forréttindi sín að fá að vera með í. Bítlaðæmið í öllu sínu veldi er eitt af þessu góða sem heimurinn lenti í. Hve margir í byrjun sáu þetta og vörðu við og töldu gerspilla ungvíðinu? Niðurstaðan inn í framtíðinni talar öðru máli. Og hvað kom. Virðing, kæri vinur. Virðing.

Ýmsar breyting virðast vera í fiskistofnum sem veiðast við þetta land. Sumir stofnar virðast hopa af sjávar vellinum en öðrum fiski vaxið fiskur um hrygg. Samanber þorsstofninn sem hefur stækkað, samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknarstofnun, og er auðvitað ánægjulegt að heyra. Ýsan hins vegar er að sjá fiskur sem virðist eitthvað hafa fært sig til. Hvert, kemur ekki fram. Loðnan hefur alla tíð verið erfið viðureignar og mönnum gengið erfiðlega að finna hana. Hvort hún um þessar mundir sé ófinnanleg eða hafist við á öðrum stöðum en hefðbundnum er ekki gott að segja. Ólíkleg niðurstaða er að loðnan sé bara farinn án þess fyrst að kveðja. En eins og fyrr segir hefur loðnustofninn alltaf verið mönnum svolítill ráðgáta. Menn settu kíkinn fyrir augu sín og horfðu til austurs í von um að sjá hana bregða fyrir og biðu lengi og eða stutt. Svo birtist hún úr vestri og synti framhjá liðinu með kíkjanna. Eina sem menn þá gátu sagt var: „Já! Góðan daginn! Er ekki allt í lagi heima hjá þér?“- Án þess að stökkva bros á vör.

Makrillinn virðist koma hér við árlega en lét lengi vel ekki sjá sig við landið en veiddist víða annars staðar í heiminum. Til að mynda hrossamakrill við norðvestur strendur suður Afríku. 1975 stundaði Börkur frá Neskaupstað veiðar þar á hrossamakríl. Talað er um makríl og hrossamakríl. Líklegt er að fyrstu orðin sem upp komi hjá fólki sem les fréttir af breytingum í hafinu séu: „Hlýnun jarðar.“ Samt verður að segjast eins og er að þarna eru ennþá nokkrir endar lausir til að menn geti staðhæft að svona sé þetta með punkti á eftir.

Skötusels stofninn hefur vaxið, sem er gott, en sandsílið svo gott sem horfið úr fiskaflórunni í hafinu kringum Ísland. Hvaða tilgangi sandsílið þjóni í fæðukeðju hafsins þekkir höfundur ekki vel en viðurkennir að geti ekki verið neitt annað en slæmt ef endanleg niðurstaðan er hrun

sandsílisstofnsins. Veit þó að lundastofninn sem hefst við í klettum Vestmannaeyja sæki talsvert í þetta síli. Sé það horfið er lundastofninum sennilega hættu búinn. Hafrannsóknarstofnun hefur og gefið út að um 30 nýjar fisktegundir hafi veiðst hér við land undafarinn ár sem áður voru óþekktar. Tegundirnar höfðu áður veiðst á öðrum svæðum heimsins en ekki hér við land.

Spurningin sem eftir stendur er hvernig útlitið sé í fiskveiðimálum þjóðarinnar og hvort þessar 30 nýju fisktegundir megi nýta til vinnslu og sölu og mannelis og hverjar þessara 30 nýju fisktegundir séu. Eru nýju stofnanir nógu stórir til að þoli veiði? Sé svo þarf þá að gera breytingar á kerfum vinnslunnar til að þær geti mætt þessari nýjung hjá sér? Eru þær veiddar með hefðbundnum veiðarfærum eða erum við að tala um önnur verkfæri til veiðanna en nú eru hvað algengust? Hví ekki að spyrja sig slíkra spurninga og athuga hvað megi nota og nýta úr því að ljóst er og menn sammála um að breytingar séu að verða í hafinu kringum þetta land og sumir hefðbundnir fiskistofnar á útleið. Já, jafnvel það.

Ágætt regla er að venja sig á að falla ekki ofan í dýpsta myrkur við váleg tíðindi, eins og segja má að upplýsingar Hafró sumpart séu, heldur eygja von sem þarna er líka og sjá og athuga möguleikanna á hvort þessir nýju stofnar séu að einhverju leiti nýtanlegir þó vinnsla á þeim máski kosti nýja markaði og sumpart nýja hugsun og önnur sölusvæði en þessar hefðbundnu sem við áratugum saman höfum notast við. Breyttar aðstæður setja ekki samasem merki milli hruns og volæðis heldur eru þær hvatning um að horfa frekar í aðrar áttir en gert hefur verið og opna sér leið ef hitt skeður að hefðbundnir nytjastofnar séu að synda burt. Er upptaka evru eins og sér kannski lausn í þessu tiltekna máli? Lausnin alltént felst ekki í að henda bara út öllum bensín- og díselbílum og gróðursetja fimm milljónir trjáplantna einn tveir og bingó og nota auðveldu leiðina og hrópa: „Úlfur úlfur“ sem við svo sem oft í gegnum tíðina höfum gert. Betra er og heilsusamlegra að benda á lausn. Lausn er til á öllu og við ætlum áfram að lifa í þessu landi. Og alltaf má eygja von.

Maður ársins tilheyrir.

Um afrek er ekki alltaf spurt og æ sjaldnar á þessum dögum. Titillinn „Maður ársins“ er að verða bastarður, ekki átt við manneskjur, vegna þess að allt er opið og lítið mál orðið að finna „Mann ársins“ vegna kraðaks upplýsinga sem í boði er. Áhöld er orðið um raunveruleg afrek „Manns ársins“- þó verðlaunin hreppi. Enda val fólksins sem yfirleitt kýs hann og hana sem hæst og mest er talað um í andertakinu. Þegar svo úrslitinn eru kunn er mest allt þúður farið úr fregninni sem setti allt á annan endann og mönnum orðið slétt sama um hvað gerðist og hvernig úr spilst.

Hraðinn á einu og öðru „æði“ sem sprettur fram er slíkur að engin mannlegur máttur er fær um að fylgja þeim öllum eftir. Fólk í mesta lagi fær á sig vindhviðu, eða snert af henni, og þarf í versta falli að laga húfu eða hatt á höfðu sér sem eilítið skekkist er æðibunugangurinn valt yfir og var svo horfinn með sama og nýtt „æði“ í uppsiglingu.

Hversdagslíf manneskja er umræðuefni dagsins og hefur svo sem lengi verið þó nái himnahæðum í dag vegna tækjanna sem í boði eru og notkunarinnar.

Fyrir sjöttíu árum ræddu menn ýmislegt sem ekki var hollt að ræða og betra að þegja um. Samt er nokkur munur á í dag og þá því flestir sem stungu saman nefjum fyrir sjöttíu árum með náungan sem sitt umræðuefni, hann hefur alltaf haft sitt vægi á umræðu slóð, létu sér nægja að tala um hann sín á milli en fóru ekki með neitt lengra á meðan meiri æra var í hávegum.

Annað er í dag og gerist með tilkomu þessara Veraldarmiðla sem allir geta opnað og tjáð sig á. Líklegt er að aldrei áður hafi verið eins mikið um skil á opinberum vettvangi og í dag og með tilkomu hins mikla aðgengis fólks að miðlum án þess að það í öllum tilvikum geri sér grein fyrir að allt sem sagt er sé lesið af fleirum en mönnum grunar. Mallað er fóður fyrir meðvirkni sem aldrei hefur verið jafn mikið til af í samfélaginu og nú og birtist oft í þessum „Stuðningsmanna grúppum“ sem skjótast upp undir eins og tár sést renna en engin samt spyr hví né reynir að grennslast fyrir um hvað skeði né á nokkurn hátt að komast að hinu sanna. Orðin ein eru látin duga. Oft töluð út af hefndarhug. Hreinn skandall en er staðan í mörgum tilvikum. Þetta heitir „Meðvirkni.“

Gott og gjöfult er að styðja veikburða fólk. En til að virkileg hjálp sé í þarf verkið að byggja á réttum grunni. Að framkvæma öðruvísi byggir á meðvirkni sem of mikið er til af.

Umræðuefni dagsins er venjulegt fólk gerandi venjuleg verk sem áður fyrr var gert í einrúmi eða með sínum nánustu en er á allra vitorði í dag. Enda annað uppi á teningunum því allt er undir og allir að segja frá og búa til og skoða og á eftir birta heima í tölvunni sinni og á eftir á eigin svæðum Netsins og ritstjórinn nafnhafi sjálfur með gagnrýnislaust leyfi til að birta hvaðeina sem honum dettur í hug. Og gerir stundum fullur en inn á milli ófullur.

Engin leið er til að stöðva aðgang fólks að Internetinu nema grípa til sömu aðgerða og sum kommaríki gera með allt sitt „á hreinu.“- Þeir einfaldlega taka upp úr vasa sínum snjallsíma sinn inn í opinberu og skotheldu drossíunum sínum, stimpla inn tiltekið númer og krefjast þess að parti Internetsins verði lokað „NÚNA“. Við þessu verða menn og smella auðmjúkir rofanum upp. Næst er almenningur ætlar að hella úr skálum reiði sinnar „á Netinu“- mætir þeim bókstafir sem saman mynda orðið „Error.“- Og veröldina gersamlega hrundi. „Ekkert Internet“- segja þeir og byrja að skæla með gleðina rokna út um dyrnar. Og meðvirknin segir: „Agalegt“ og grætur með þeim sem horfir á sinn“Error“ og veröldina hrunda. „Stuðningsmanna grúppan“ mætti en breytti engu. Enda sjálf á sama stað í meðvirkninni.

Merkilegt með sumt. Í dag er mikið talað um einelti og spurning orðið um hvað sé einelti. Er það einelti að vera fólki ósammála og halda í sínar eigin skoðanir fram í rauðan dauðann? Er það einelti að rifast við fólk um allt og ekkert og láta ekki af sínu rifrildi við kannski sömu manneskju sem bæði eru jafn þver og láta hvorugt undan? Er það einelti? Og hvors þá? Í hverju liggur einelti? Er ekki kominn tími til að menn skilgreini hvað einelti sé eftir að það varð orðið sem oftast er sagt?

Einelti er ljótt. Um það geta allir verið sammála. En að vera ósammála manneskju er partur af lífinu sem menn sjálfir verða að skera úr um sem í eiga en ekki gera kröfu til þriðji aðili að hann bjargi. Börn gera oft svoleiðis en hætta þegar fullorðinsárum er náð.

Þegar við strákarnir lentum í orðaskaki, um ekki neitt að sjálfsögðu, alltaf svoleiðis, var gripið til þess ráðs er hvorki gekk né rak að leita til einhvers sér eldri sem lagði eitthvað inn í umræðuna. Og allir fóru sáttir frá. Að leysa málin sjálfur og hætta bullinu var stundum ekki inn í myndinni. En þá vorum við enn börn. Í dag mætast stálin stinn og engin miskunn sýnd.

Er orðið tómmt mál að tala um að einelti bara hætti alls ekki nema til sé kallaður þriðji aðili sem skakki leik? Hvar erum við eiginlega stödd sé þetta reyndin?

Á maður virkilega að trúa því að fólk sé orðið getulaust til að hreinlega hætta þessu sjálft og á eigin spýtur og taka upp annan og betri hátt og sið? Sumt kemur manni hreint ekkert við og stundum er ranglega greint frá atburðarás þó meðvirknin æpti upp af því sem hún heyrði og æði um.

Sé ég að þvarga og einelta einhvern, segjum það, hvað sem það öndvert er, væri þá vonlaust mál fyrir mig að hreinlega láta af þessari breytni minni og segja við sjálfan mig: „Nú er nóg. Nú slæ ég á aðra strengi og læt þessa framvegis vera?“- Getur verið að svona orð séu ófánleg út um munn manns? Væri máski eina leiðin til að eitthvað hætti að kalla til ágætan þriðja aðila. Kjaftæði er þetta.

Ég var svo heppinn að eiga mér nokkra eldri bræður sem hægt var að leita til og skera úr fyrir sig í deilumálum sem fyrir kom að við félagarnir létum leiðast inn í. En þá vorum við börn sem næst urðu fullorðið fólk sem létu af svona barnskap og gengu sjálfir í að leysa úr slíkum þvættingi og úr flestum sínum málum án fyrirfram tilstuðlan þriðja aðila, þó ágætt gæti verið að vita af honum og kalla til undir sérstökum kringumstæðum, kæmi upp staða sem ætlaði ekki að leysast úr. Eins og alltaf getur gerst. Best er vitaskuld að koma sér ekki í svona þvargstöðu og er manns eigin ákvörðun hvort gerist. Er slíkt sjónarmið kannski ekki lengur viðurkennt afl heldur bara þriðji aðili sem orðin er lykilmaður og ábyrgðarmaður hvort eineltið, viljum við nefna mál því nafni, hætti eða haldi áfram? Er eina von manna hún að hann komi og skeri þrætu mann og mann með honum niður úr snörinni?

Hvað er þetta í grunninn annað en þessi háskalegi og ómögulegu bendandi fingur sem hreinsar einstakling af allri sekt og skilur hinn eftir sekan upp fyrir haus þegar vitað er að þegar tveir deili er annar aðilinn aldrei með öllu saklaus þó hinn segi að allt hafi verið að kenna.

Við erum skynsammt fólk sem getum leyst málin farsælega og gert gott úr öllu saman. Ein leiðin til sáttá er að láta af allri kröfugerð sem ætlast til ofur iðrunar hjá öðru fólki. Meðvirknin býr til hæstu hrópin og er stærri vandi en margur hyggur í svona málum. Og hvernig læknast menn af meðvirkni. Veit ekki en þó að hún er þarna og sé meinsemd.

Síðutogararnir er þeir komu þóttu allir stór skip af fiskiskipum að vera. Er þeir fóru að sjást voru fyrir í landinu árabátar, trillur sem mótör hafði verið settur í, lítil þilfarskip kallaðir kúttarar sem voru þetta í kringum 70 tonn, eitthvað svoleiðis. Togararnir vöktu athygli og aðdáun og undrun sumra.

Fyrstu síðutogararnir flokkuðust líka undir þetta þó áratugum seinna fyndist mönnum þeir nú vera ósköp lítil skip. Undir það sjónarmið má taka. 220 tonna skip (Jón forseti RE 201) teljast í dag ekki til neinna stórskipa. Fyrsta kynslóð síðutogara voru frá þessari stærð upp skip að 500 tonnum þau allra stærstu. Til að mynda Venus GK sem rak upp að eldri hafnargarðinum í Hafnarfirði í ofviðri og brotnaði þar eftir nokkurra ára legu við stjóra á ytri höfninni. Samt var um tíma talað um þessi skip sem skip sem væru ósökkvanleg. Halaveðrið afnam allan slíkan þanka fólks. Ekkert skip er ósökkvanlegt.

Eftir stríðið og með hjálp Marshallaðstoðarinnar frá vinum okkar Bandaríkjamönnum, voru byggðir yfir fjórtíu síðutogarar fyrir Íslendinga sem á um fimm ára tímabili koma til landsins og hinn fyrsti 1947 Ingólfur Arnarson RE og sá síðasti 1952 Hallveig Fróðadóttir RE?. Hallveig Fróðadóttir allavega var fyrsti Íslenski togarinn með Dísilvél. Flest skipanna í flokki nýsköpunartogara höfðu gufuvélar eins og fyrsta kynslóðin státaði af en kol ekki brennd í þeim nýju heldur notast við díselolíu til að kynda katlanna. Nokkur af nýjustu nýsköpunar skipunum höfðu dísilvélar. Ekki mörg samt. Þetta voru töluvert stærri skip en fyrsta kynslóð togara og flestir vel yfir sjö hundruð tonn og stærstur af þeim Júní GK 346 sem var 30 tonnum stærri en hinir og mögulegt að hafi náð að teygja sig yfir 800 tonna stærðarmúrinn, en samt sagt óábyrgt.

Líklegt er að stærstu síðutogarar sem smíðaðir voru í heiminum hafi verið fjórburarnir sem Íslendingar létu smíða fyrir sig út í Þýskalandi og var hafist handa við um 1958. Þessi skip voru fast að 1000 tonnum og byggðir til gangs og að sækja á mið langt frá Íslandi og á Nýfundnalandsmið sem á þeim tíma sem bygging þeirra hefst, er að gefa af sér afla af áður óþekktri stærðargráðu. Aflinn sem Íslendingarnir mest sóttu í þar var karfi þó aðrar tegundir fengusta þar líka eins og þorskur og ýsa og ýmsar aðrar bolfisktegundir sem þjóðir veiddu og eftirsóknarverðar töldust og talsvert var af á svæðinu. Englendingar og Sovétmenn veiddu þarna en notuðust í flestum tilvikum við skuttogara fast að þrem þúsundum tonna stórum.

Þessir stærstu síðutogara sem voru byggðir og Íslendingar áttu hétu Maí GK 345, Sigurður ÍS 33, Víkingur AK 100 og Freyr RE 1 sem seldur var 1963 til Englands og hlaut nafni Ross Revenge GY 718. Öll hin skipin héldu upprunalegu nafni sínu uns yfir lauk. Maí GK 345, sem 1977 var seldur til Noregs, hélt sínu gamla nafni hjá nýjum eiganda í Noregi uns að tortímingunni kom árið 2003 og hafði þá legið aðgerðarlaus við Norska bryggju frá árinu 2001.

Stærri síðutogarar en þessi fjögur íslensku skip voru og gerð héðan út árum saman, lengi sem togarar, er mér ekki kunnugt um að hafi verið smíðaðir og tel að eftir afhendingu þeirra hafi allri síðutogara smíði lokið í veröldinni og er á sinn hátt merkileg saga. Enda tími skuttogarans runninn upp fyrir nokkru og hann búinn að sanna yfirburði sína yfir gömlu aðferðinni við að taka trollið. Fjórburarnir eru samt sögufræg skip sem enn er talað um með nokkurri virðingu.

Allt merkilegt en samt ekki með það í huga að menn sem stunda sjóinn mynda viss tilfinningabönd við skip sín og meira þó hér áður fyrr en er í dag og skýringin sú að menn dvöldu lengi á sama skipi og sumir í áraradír og höfðu lengi vel enga afþreyingu um borð aðra en hvora aðra sem þeir spjölluðu við tefldu við og eða spiluðu við. Ekkert sjónvarp dögum saman, ekkert Internet, engin snjallsími. Útvarpsband stundum og oftast nær ekkert. Hvorki fréttir né annað og bara mannskapurinn til að spjalla við og stytta sér stundirnar með. Seinna komu 16 mm. kvikmyndasýningavélar sem teknar voru fram með nokkurri fyrirhöfn og kvikmynd sýnd kannski ein á kvöldin í siglingum. Og umhverfið breyttist í vissa helgistund. Svona, og margt annað líka, býr til viss tilfinningabönd við skip. Svo einkennilega sem það annars kann að hljóma að þá voru, eru, mál með þessum hætti.

Þekkt er að veggirnir hafi eyru og það sem fara átti leynt komst allra varir og vitorð. Þannig hefur líka sagan fengið að leiðrétta sig vegna veggjanna sem hafa eyru og heyra og tala og segja frá. Allt samt á sínum tíma. Með þessa vitneskju og fullvissu gangandi með sér förum við gætilega og erum heiðarlegt fólk. Veggir sem heyra munu þá ekki þurfa að fletta ofan af neinu. Og veistu af hverju? Það skeði ekkert rangt og því ekkert til að afhjúpa. Og hví? Heiðarleikin vék aldrei fyrir freistingunni sem kom en er samt á vappi.

Um að veggirnir hafi eyru má víða finna stað bæði í hinu daglega sem og í Biblíunni. Skoðum þetta:

„Postulasagan.23. 16-21. Nú skuluð þið og ráðið leggja til við hersveitarforingjann að hann láti senda hann niður til ykkar svo sem vilduð þið kynna ykkur mál hans rækilegar. En við erum við því búnir að vega hann áður en hann kemst alla leið. En systursonur Páls heyrði um fyrisátina. Hann gekk inn í kastalann og sagði Páli frá. Páll kallaði til sín einn hundraðshöfðingjann og mælti: „Far þú með þennan unga mann til hersveitarforingjans því að hann hefur nokkuð að segja honum. Hundraðshöfðinginn tók hann með sér, fór með hann til hersveitarforingjans og sagði: „Fanginn Páll kallaði mig til sín og bað mig að fara til þín með þennan unga mann. Hann hefur eitthvað að segja þér.“ Hersveitarforinginn tók í hönd honum, leiddi hann afsíðis og spurði: „Hvað er það sem þú hefur að segja mér? Hersveitarforinginn tók í hönd honum, leiddi hann afsíðis og spurði: „Hvað er það sem þú hefur að segja mér?“

Hinn svaraði: „Gyðingar hafa komið sér saman um að biðja þig að senda Pál niður í ráðið á morgun þar eð þeir ætli að rannsaka mál hans rækilegar. En lát þú ekki að vilja þeirra því að menn þeirra, fleiri en fjörutíu, sitja fyrir honum og hafa svarið þess eið að eta hvorki né drekka fyrr en þeir hafi vegið hann. Nú eru þeir viðbúnir og bíða eftir að svarið komi frá þér.“-

Drengurinn sem flutti hersveitarforingjanum skilaboðinn má segja um að sé veggurinn sem heyrði og talaði og við hér erum að fjalla um. Engin af þeim sem plotta gegn Páli grunaði að manneskja væri þar sem hún var niðurkomnir og heyrði allt sem fram færi. Það var ekki inn í mynd þessara manna. Fara svona áform enda fram í myrkri. Að fundi loknum gagna mennirnir burt með að eigin álitum pottþétt plan í höndunum sem ekkert í raun átti að geta stöðva og Páll raunverulega dauðans matur sem veggurinn með eyrun kom í veg fyrir að skeði með því að fletta ofan af áformum manna. Og auðvitað líka frelsa þá frá að vinna voðaverk á saklausum manni, eins og sagan hefur rækilega staðfest að Páll væri og við tókum undir án þess að efast neitt.

Við í dag og allt frá tíma fyrstu útgáfu Postulasögunnar vitum vel að Guð hafði aðra áætlun fyrir líf Páls en láta vega hann þessa nótt en líklegt, sennilegt, að engin sem tók þátt, hvort sem var Gyðingarnir sem plottuðu, drengurinn sem fyrir tilviljun heyrði orðin, né hermennirnir né neinn annar sem þarna kemur við sögu tengi atburðarrásina og björguninni né hitt, að upp um áform beint Guði mitt í hita leiksins og er atburðir þessir eru að gerast. Það allt saman út skýrist seinna og máski ekki fyrr en með útgáfu Postulasögurnar. En þá líka kom hún og einnig kennslan um veggina sem eyru hafa sem undirstrikar við mig mikilvægi þess að fara varlega og ganga með heiðarleikanum og sannleikanum. Þessi öfl saman í vinnu hindra menn í að gera augljósan skandal. Og Páli var bjargað og mér og þér verður einnig bjargað fyrir mátt hyggni sem sannleikurinn réttir að okkur. Með þeim hætti höldumst við áfram heiðarlegt og ærlegt fólk.

Merkileg þessi lög sem leyfa vændi á Íslandi en leyfa þó ekki. Sem sagt. Lögum samkvæmt má stunda þessa iðju en komi einhver til að kaup sér vændi skal hann gæta sín. Hann nefnilega er að brjóta lög.

Hvurslags eiginlega vitleysa er þetta og til hvers að vera með lög ef viðskiptavinurinn á á hættu að vera lögsóttur fyrir gera það sem lög heimila en heimila þó ekki? Hver getur og vill selja vöru, þjónustu réttara sagt, ef engin má kaupa sér þessa þjónustu og sá sem kaupir á á hættu á að verða lögsóttur vegna kaupanna? Hverjum datt í hug að gera lög sem í raun og veru eru einhliða lög? Hver fann upp á þessu og hvaða norræni fyrirmynd er verið að fylgja hér? Það væri gaman að vita.

Vita menn ekki að hvarvetna þar sem vændi er stundað þrífst allskonar annað með sem við viljum ekki vita af og allskonar óheiðarleg starfsemi sprettur af sem við viljum heldur ekki vita um né af. Vændisstarfsemi er engin falleg kórstarfsemi þar sem saklaust fólk og hrekklaut kemur saman til að kyrja fallega söngva heldur er vændistarfsemi nokkuð dekkra þessu. Oft fara ungar konur í vændi til að ná sér í peninga með skjótum hætti og flestar sem þar mæta hyggjast vera þar stutt og fara svo í annað og venjulegra starf en vændi getur talist vera. Sumar hafalíka komið undir sig fótunum með þessari aðferð ef þær dvelja þar ekki of lengi. Sumar ná sem sagt marki og hætta áður en skóinn fer um of að kreppa. Aðrar eru ekki eins heppnir og lenda í að ánetjast allskonar fíkn sem gerir að verkum að þær eiga í vandræðum með að koma sér burtu fíknar sinnar vegna og hafa sett sjálfa sig á stað sem ekki var reiknað með er af stað var farið en er raunveruleiki sumra af þessum blessaða fólki sem bindur og fjötrar.

Maður var hér í eina tíð oft innanum þetta fólk og sá þær blessaðar eta allskonar pillur og dóp ásamt að sinna kúnna og koma sér aftur fyrir þar sem þær áður voru. Flestar sem maður sá voru undir áhrifum einhvers konar efna með dólga svokallað á vappi sem svokallað vernduðu þær. Fyrir hverju? Ofbeldi auðvitað því svona starfsemi gerist þar sem annað en ljós skín og verður aldrei neitt öðruvísi. Vændistarfsemi er í eðli sínu svona og ekkert öðruvísi og mun heldur aldrei fá á sig neina jákvæða birtingarmynd. Myrkur verður ekki ljós sama hvernig við reynum að varpa á myrkrið birtu og setja lög um. Að ekki sé talað um óskiljanleg lög. Þau bæta ekki mikið. Vændið sjálft flýr birtuna og hreiðrar um sig í dimmunni og er í eðli svona starfsemi að gera.

Það að setja lög sem gerir vændi löglegt en tekur á þeim sem kaupir vændi er alveg út í hött og gersamlega óskiljanleg aðgerð og óskiljanleg lög sem geta engu skilað og ekkert leist en með alla burði til að auka vitleysuna enn frekar. Sem nóg er af fyrir.

Vændi með einum og öðrum hætti er stundað í öllum löndum heims og er elsta atvinnugrein veraldarinnar og viðurkenndi sem slík. Hvað á að gera? Hef ekki hugmynd en veit að lög eins og þau sem við erum með kringum þetta eru með öllu óskiljanleg lög sem leysa engann vanda. Öruglega væri hægt að sekta einhverja og fá eitthvað af peningum í einhvern sjóð með einhverskonar rassíum af hendi lögreglu en breytir ekki hinu að öllum ólögum ætti að eyða og vera þá í staðin með lög sem loka öllum hringnum en eru ekki hálfmáni með í sér óskiljanlega opnun. Og hverjum gagnast hún?

Þriðju orkupakkinn? Á honum hafa fjölmargir skoðun. Sumir tala sig upp í hita og segja ónægðætin subbulleg orð vegna þriðja orkupakkans og gera gegn fólki sem leyfir sér að vera á móti vilja þeirra, hugsa sér.

Talað er um landráð og þaðan af varasamari orð notuð tengt pakka númer þrjú. En um hvað snýst málið í grunninn? Hef ekki grænan grun. Eina sem maður heyrir er að unnið sé með pakka númer þrjú tengt orkumálum í einhverri mynd sem tengist útflutningi héðan á raforku. Sem ég reyndar veit ekkert hvort sé rétt álikað hjá mér. En sæstrengur sem flytur raforku hefur lengi verið í deiglunni og er hugmynd og framkvæmt sem alltént mér hugnast ekki. Sé þetta gert er Ísland orðið skotmark, brjótist út ófriður. En hver trúir svoleiðis mitt í allri menntuninni og menningunni? Hey! Það er árið 2019 og allt vaðandi í peningum og - lausnum.

Oft sagt orð í umræðu þessari er „Þriðji Orkupakkinn“ - og svo ekki sögunni meir. Erfitt að fá niðurstöðu séu ekki betri útskýringar en þetta á málum sem daglega er getið um í fréttum og skrifað um í blöðum.

Þetta minnir mann á annað orð sem alltaf var að heyrast hvar sem maður kom og eða kíkti í blað og er orðið Lundabúð. Aldrei neitt meira sagt um málið nema þetta eina orð Lundabúð. Eina sem maður kveikti á var að Lundabúð var einhvers konar verslun. Og verslun er þekkt og verslun selur allskonar. En Lundabúð. Hvað fékkst þar? Kannski Lundi? Lifandi lundir eða hann sem búíð var að móta í leir, brenna samkvæmt kúnstarinnar reglum inn í svakalega heitum brennsluofni? Kannski seldi Lundabúðin enga lunda. Hvað veit ég? Löngu síðar komst ég að því hvað um væri að ræða með eina Lundabúð að hún er hugsuð sem aðdráttarafi fyrir útlendinga sem allar götur þá voru fullar af og sumir af þeim stigu inn fyrir dyrnar á Lundabúðinni og fóru út með allskonar glingur og gler til minningar um veru sína á Íslandinu góða. Og vel að merkja. Eitt glingrið var Lundi gerður úr leir. Jú, þeir seldu lunda. Var lundinn kannski úr plasti? Allavega að þá var komin útlistun á hvað átt væri við með orðinu Lundabúð. Er ekki búíð að loka þeim flestum og mylja leir lundanna mélinu smærra?

Hitamál dagsins er blessaður Þriðji orkupakkinn. Á honum hafa margir skoðun og sumir andstæðingar pakkans taka sér oftast en ætti að vera sér í munn orðið Landráðamaður. Og birta auðvitað á samfélagsmiðlunum þar sem menn að manni sýnist þurfa ekki að gæta neitt orða sinna né bera ábyrgð á. Sumir bera þó sína ábyrgð. Og má þakka það. Er enda sómakær og ærlegi einstaklingurinn allstaðar innanum og samanvið það sem ætti ekki að sjást né heyrast.

Ætli verði það næsta í málinu að berja alla þá sem eru með Þriðja orkupakkanum eins og eitt sinn var sagt um fólk sem var andstætt veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á meðan það allt saman enn var og hét. Engin var samt barin en hugmyndin fram komin. Að vísu ekki hávæ en til. Svo fór herinn án þess fyrst að spyrja kóng né prest, mótmælandann né hinn sem studdi og hvarf á met tíma burt úr landinu og hefur ekki sést frá þeim tíma. Í ljós kom að með og á móti skipti engu máli því frá fyrsta degi réðu Bandaríkjamenn ferðinni og sýndu okkur hver hefði valdið og gerðu með bréfsnifsi sem sent var og tilkynnt að nú væru þeir að fara. Eftir stöðu byggingar á svæðinu sem flestar standa enn.

Þriðji orkupakkinn er í vinnslu og í umræðu dagsins. Hún veldur heitum ennum út um allar trissur. Að selja rafmagn gegnum streng til fjarlæggra ríkja Evrópu er nokkuð sem landinn ætti að gefa frá sér og huga ekki meira að. Bæði vegna óheyrilegs kostnaðar af línulagningunni og annarra þátta sem eru óljósir og gætu birst sem ófyrstíganlegur vandi þegar til lengri tíma er litið. Ekki gott mál. En kannski snýst Þriðji orkupakkinn um allt annað en þetta atriði sem hér áðan var nefnt. Hvað veit ég?